



# Fundagerð 222.fundar

## Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 15. ágúst 2017 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnarhúsinu við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður, Guðný Sverrisdóttir ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Baldvin Valdemarsson og Jón Þór Benediktsson. Áheyrnarfulltrúi Halldór Jóhannesson mætti á fundinn.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundagerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Lögð fram til staðfestingar fundagerð 221. fundar frá 9. maí s.l. *Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Nýr dráttarbátur.

Hafnarstjóri kynnti stöðu mála varðandi smíðina. Allt virðist vera á áætlun og verkið er hafið. Rætt um tillögu að nafni á dráttarbátinn.

### 3. Framkvæmdaáætlun 2018 – fyrri umræða.

Hafnarstjóri lagði fram drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2018. Helstu verkefni eru lokagreiðsla á dráttarbát, flotbryggja í Sandgerðisbót, kaup á stálpili fyrir endurbýggingu á Torfunefsbyggju, lengingu á Tangabryggju, stækkun á hafnarhúsinu og vegna umhverfisátaks. Hlutur HN í verkunum er áætlaður 307,2 mkr.

### 4. Dysnes.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Dysnes. Fornleifarannsókn er lokið og bráðabirgðaskýrsla hefur þegar borist. Reikna má með að lokaskýrsla berist innan árs. Dysnes þróunarfélag ehf er að láta vinna að sölubækling fyrir svæðið og hefur lagt fram erindi um aukningu á hlutafé. Stjórn HN samþykkir hlutafjárukningu í Dysnes þróunarfélagi upp á allt að 1 mkr.

### 5. Erindi frá Vegagerðinni vegna vita.

Með erindi sínu frá 5. Júlí s.l. óskar Vegagerðin eftir því að HN taki í sína eigu og rekstur vitana á Hjalteyri og á Svalbarðseyri. Hafnarstjóri hefur þegar óskað eftir viðbrögðum frá sveitastjórnnum Hörgársveitar og Svarlbarðsstrandarhrepps varðandi málið. Báðar sveitarstjórnirnar vilja að HN taki vitana í sína umsjón en ef ekki hafa sveitasstjórnirnar áhuga sjálfar að taka vitana í sína vörslu. Hafnarstjóra falið að ræða við sveitastjóra sveitafélaganna.

**6. Starfsmannamál.**

Hafnarstjóri fór yfir starfsmannamál og lagði til að ráðið yrði um áramót í stöðu skrifstofustjóra. Stjórn HN samþykkir það og felur hafnarstjóra að vinna að málinu.

**7. Erindi frá Hafnasambandi Íslands.**

Lagt fram til kynningar erindi sem Hafnasambandi Íslands sendi þann 28. Júní s.l. fyrir Náttúruverndarsamtök Íslands og aðgerðarhóp í loftslagsmálum. Erindið lagt fram til kynningar.

**8. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 18:30

Jóhannes Gunnar Bjarnason formaður

---

Guðný Sverrisdóttir ritari

---

Jón Þór Benediktsson

---

Kristín Björk Gunnarsdóttir

---

Baldvin Valdemarsson

---

Pétur Ólafsson hafnarstjóri

---